

Reglur um styrkveitingar Sveitarfélagsins Garðs á móti álögðum fasteignaskatti.

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, að veita styrki til greiðslu á álögðum fasteignaskatti á eignir þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni. Styrkurinn getur verið fyrir hluta af álögðum fasteignaskatti eða öllum eftir ákvörðun bæjarstjórnar í hverju tilfalli.

2. gr.

Aðeins skráðir eigendur eða forsvarsmenn félaga sem eru skráðir eigendur fasteigna í viðurkenndri menningar-, mannúðar og tómstundastarfsemi og falla undir 1. gr. reglnanna geta sótt um styrki.

3. gr.

Eigendur fasteigna, einkum íþróttafélög, björgunarsveitir, félög í menningarstarfsemi, svo sem kórar og leikfélög, og önnur félög sem eingöngu eru rekin í mannúðarskyni, geta sótt um styrki til greiðslu á álögðum fasteignaskatti sem hér segir:

Umsókn um niðurfellingu álagðs fasteignaskatts skal vera skrifleg og berast til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 28. febrúar vegna álagningar þess árs. Í umsókn skal tilgreina nákvæmlega ástæður þess að sótt er um styrk, svo sem sundurliðaða notkun viðkomandi eignar eftir rýmum í henni. Lýsa skal þeirri starfsemi sem fram fer í eigninni og hvort hún er rekin í ágóðaskyni eða ekki. Eingöngu kemur til álita að veita eiganda fasteignar styrk ef rekstur fasteignarinnar og starfsemin sem þar fer fram er ekki í ágóðaskyni. Ef rekin er viðurkennd menningar-, mannúðar og/eða tómstundastarfsemi í hluta eignar, skal eingöngu veita styrk til greiðslu álagðs fasteignaskatts fyrir það rými eignarinnar sem þannig er nýtt.

4. gr.

Bæjarstjóri afgreiðir umsóknir skv. 3. gr. reglnanna. Samþykki fyrir styrkveitingu gildir aðeins fyrir yfirstandandi fjárhagsár hverju sinni. Synjun bæjarstjóra á umsókn er heimilt að skjóta til úrlausnar bæjarstjórnar.

5. gr.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs 9. mars 2011 og taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. reglnanna er heimilt á árinu 2010 að sækja um styrki til og með 30. september 2011